

A man with tattoos on his arms is holding a young child on his shoulders. The child is wearing a blue and red Spider-Man costume. They are at an outdoor festival with a large crowd of people in the background. A stage with purple lighting and a screen is visible in the distance. The scene is set in a park-like area with trees.

Mosó Náttúrlega

Mosfellsbær er 7 stærsta sveitarfélag landsins



13.772

íbúafjöldi 1. janúar 2026



48%

íbúa eru kvenkyns*



52%

íbúa eru karlkyns*



10%

íbúa eru með erlent ríkisfang




850

stöðugildi hjá Mosfellsbæ



9

leikskólar



5

grunnskólar



25

íþróttagreinar er hægt að æfa í Mosfellsbæ



2

sundlaugar eru í bænum og er Lágafellslaug næst mest sótt sundlaug landsins



8

fell umlykja bæinn og eru með góðum og merktum gönguleiðum



[Bæjarstjórn](#) fer með stjórn bæjarins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Í bæjarstjórn Mosfellsbæjar sitja bæjarfulltrúar sem sækja umboð sitt til kjósenda á fjögurra ára fresti. Með meirihluta í bæjarstjórn Mosfellsbæjar kjörtímabilið 2022-2026 fara fulltrúar Framsóknarflokks (B), Samfylkingar (S) og Viðreisnar (C).

Bæjarstjórn skipa þau:

Örvar Jóhannsson (B), forseti bæjarstjórar
Anna Sigríður Guðnadóttir (S), 1. varaforseti
Dagný Kristinsdóttir (L), 2. varaforseti
Halla Karen Kristjánsdóttir (B)
Ásgeir Sveinsson (D)
Aldís Stefánsdóttir (B)
Jana Katrín Knútsdóttir (D)
Sævar Birgisson (B)
Rúnar Bragi Guðlaugsson (D)
Lovísa Jónsdóttir (C)
Helga Jóhannesdóttir (D)

Hrafnhildur Gísladóttir (B) tók sæti í bæjarstjórn á tímabilinu 15. október 2025 til 31. janúar 2026 á meðan Aldís Stefánsdóttir var í leyfi.

[Bæjarráð](#) fer með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar. Halla Karen Kristjánsdóttir er formaður bæjarráðs.

[Bæjarstjóri](#) Mosfellsbæjar var Regína Ásvaldsdóttir.



Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri 1. september 2022 – 1. apríl 2026

Ársskýrsla Mosfellsbæjar fyrir árið 2025 er lögð fram samhliða síðari umræðu um ársreikning Mosfellsbæjar.

Við höfum lagt mikla áherslu á að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir kjörna fulltrúa og bæjarbúa og vel settar fram þannig að það sé auðvelt að glöggva sig á helstu lykiltölum.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta Mosfellsbæjar er jákvæð um 514 milljónir. „Þessi niðurstaða endurspeglar traustan og ábyrgan rekstur, þrátt fyrir verðbólgu og hátt vaxtastig. Við höfum náð þessum árangri á sama tíma og við höfum ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir og farið í metnaðarfull umbótaverkefni eins og Börnin okkar.“

Árið 2025 var afar viðburðaríkt í Mosfellsbæ og einkenndist af mikilli grósku í menningar-, íþrótt- og félagslífi. Samstarf Mosfellsbæjar við íþrótt- og tómstundafélög var eflt með formlegum samningum og stofnun samráðsvettvangs, þar sem lögð var áhersla á aukið aðgengi fyrir öll börn, þ.m.t. þau með sérþarfir. Ný íþróttastarfsemi bættist við, svo sem rafíþróttir, skák, borðtennis og parkour, auk þess sem þátttaka í fjölbreyttu starfi hélt áfram að aukast.

Áhersla á velferð, forvarnir og snemmtæka íhlutun var áberandi á árinu. Verkefnið *Börnin okkar* var innleitt með fjölmörgum aðgerðum sem miða að því að styrkja þjónustu við börn og fjölskyldur, auka aðgengi og stytta boðleiðir. Sálfræðiþjónusta var augin, foreldrar fengu bættan aðgang að ráðgjöf og samstarf við Bergið Headspace með gjaldfrjálsum opnum viðtalstímum fyrir ungt fólk vikulega í Brúarlandi. Þá var unnið markvisst að því að efla félagsfærni og vellíðan barna og ungmenna.

Ávarp bæjarstjóra 2025



Þjónusta við eldri borgara var jafnframt styrkt með innleiðingu samþættrar heimahjúkrunar og heimaþjónustu undir formerkinu *Gott að eldast*, fjölgun dagdvalarrýma og öflugu félagsstarfi í Brúarlandi, sem hefur stuðlað að aukinni þátttöku og bættri líðan.

Á árinu var ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir og fjárfestingar í innviðum. Nýr leikskóli, Sumarhús, í Helgafellshverfi tók til starfa, uppbygging íþróttamannvirkja hélt áfram, meðal annars við Varmá, og ráðist var í viðamiklar endurbætur á skólum og leikskólum með áherslu á bætta aðstöðu og loftgæði. Nýtt íþróttahús var tekið í notkun við Helgafellsskóla og ný leiksvæði, þar á meðal leikvöllur með sérstöku aðgengi fyrir fötluð börn, og áfram var unnið að umhverfisverkefnum á borð við LED-lýsingu og bættar grenndarstöðvar.

Framþróun í skipulags- og atvinnumálum var einnig áberandi. Vinna við skipulag Blikastaðalands var á lokastigi og uppbygging athafnasvæðisins við Korputún hélt áfram. Þá var lögð áhersla á að efla Álafosskvos sem menningar- og áfangastað með gerð viljayfirlýsingar um sýningu um sögu ullariðnaðarins og áframhaldandi þróun þjónustu og aðstöðu á svæðinu.

Heildarmarkmið verkefna ársins var að efla lífsgæði íbúa, styrkja þjónustu og halda áfram að byggja upp öflugt, fjölbreytt og aðlaðandi samfélag í Mosfellsbæ.



Stjórnendateymið 2025



Regína Ásvaldsdóttir
Bæjarstjóri

Regína hefur verið bæjarstjóri frá 2022.



Kristján Þór Magnússon
Sviðsstjóri mannauðs og starfsumhverfis

Kristján hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2023.



Pétur Jens Lockton
Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Pétur hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 1998.



Arnar Jónsson
Sviðsstjóri menningar-, íþróttar og lýðheilsusviðs

Arnar hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2017.



Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir
Skrifstofustjóri umbóta og þróunar

Ólafía hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2023.



Sigurbjörg Fjölisdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs

Sigurbjörg starfaði hjá Mosfellsbæ frá 2019. Lét af störfum í desember 2025.



Jóhanna Hansen
Sviðsstjóri umhverfissviðs

Jóhanna hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2006.



Ólöf Kristín Sívertsen
Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Ólöf hefur starfað hjá Mosfellsbæ frá 2024.




Þóra Margrét Hjaltested
Bæjarlögmaður

Þóra hefur verið bæjarlögmaður frá 2020.

[Skipurit Mosfellsbæjar](#)



ÍBÚAFJÖLDI 2015-2026*





Best að búa í Mosó



- ✓ Gallup framkvæmir þjónustukönnun meðal sveitarfélaga árlega og hefur Mosfellsbær verið með að mestu leyti frá árinu 2008 og eru því til samfelldar mælingar sl. 18 ára.
- ✓ Í könnuninni er spurt um viðhorf til þjónustu og málaflokka út frá reynslu og áliti íbúa.
- ✓ Könnunin var framkvæmd í nóvember 2025 fram í miðjan janúar 2026.
- ✓ Samkvæmt þjónustukönnun Gallup eru 93% íbúa Mosfellsbæjar ánægð með sveitarfélagið sem búsetustað, hæst í samanburði við 19 önnur sveitarfélög.

[Þjónusta sveitarfélaga 2025](#)



Hlégarður



Rúmlega 300 viðburðir og fundir eru haldnir í Hlégarði árlega.

Brúarland



Frá flutningi félagsstarfsins í Brúarland hefur orðið um 40% fjölgun þátttakenda og nú eru haldnir rúmlega 30 vikulegir viðburðir.

Álafosskvos



Viljayfirlýsing var undirrituð um opnun nýrrar sýningar um sögu ullariðnaðarins í **Álafosskvos**.
Einnig er unnið að því að Álafosskvos verði *verndarsvæði í byggð*

Viljayfirlýsing um Álafosskvos



Í desember var undirrituð viljayfirlýsing milli Mosfellsbæjar og Desjamýri 11 ehf. um opnun nýrrar sögusýningar um Álafosskvos og þróun ullarvinnslu.

Samhliða voru kynntar endurbætur á húsnæði, verslun og veitingasölu, auk áforma um aukið viðburðahald á svæðinu.

Sýningin verður staðsett í húsnæði að Álafossvegi 23 og er stefnt að opnun hennar sumarið 2026. Sýningin mun fjalla um sögu Álafosskvosar og ullariðnaðar á Íslandi. Rýmið verður hannað fyrir bæði íbúa og gesti með áherslu á fræðslu, menningu og þátttöku gesta.

Desjamýri 11 ehf. ber kostnað af uppbyggingu sýningarinnar og mun sjá um hönnun og framkvæmd hennar í samráði við Mosfellsbæ.

Markmið verkefnisins er að styrkja Álafosskvos sem miðstöð lista og menningar, varðveita sögu svæðisins og efla svæðið sem áfangastað.

Verkefnið byggir á áfangastaðagreiningu Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins sem sýndi skýran áhuga á menningartengdri starfsemi á svæðinu.

[Áfangastaðagreining](#)

[Viljayfirlýsing vegna fyrirhugaðrar ullarsýningar í Álafosskvos](#)



Gott að eldast í Mosó



- ✓ Gott að eldast er þróunarverkefni hjá ríki og sveitarfélögum um samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk.
- ✓ Mosfellsbær er eitt þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í þróunarverkefninu. Undir formerkjum verkefnisins hefur heimaþjónusta og heimahjúkrun verið samþætt, dagdvalarymum verið fjölgað, heimaendurhæfing verið innleidd og lyfjarótbótar teknir í notkun.
- ✓ Í Brúarlandi er boðið upp á ráðgjafarviðtöl sem miða að því að styðja við farsæla öldrun og vellíðan á efri árum. Þar er veitt fræðsla og leiðsögn um úrræði í nærsamfélaginu, auk þess sem lögð er áhersla á mikilvægi virkni, þátttöku og markmiðssetningar.



16 ný pláss voru tekin í notkun í dagdvölinni Hljúnni á árinu.

103% er nýting dagdvalarrýma sem endurspeglar mikla þörf og eftirspurn eftir þjónustunni.

99 hjúkrunarrými verða á Hömrum eftir fjölgun hjúkrunarrýma samkvæmt undirrituðu samkomulagi, sem felur í sér þreföldun hjúkrunarrýma í Mosfellsbæ og er mikilvægur liður í að mæta aukinni þörf.

235 einstaklingar njóta samþættrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem hefur verið í boði frá maí 2025 með það að markmiði að mæta þörfum notenda á heildstæðan hátt.

29 einstaklingar hafa lokið heimaendurhæfingu í lok árs eftir að starfsemi hófst í september.

8 lyfjarótbótar eru komnir í notkun.

Börnin okkar – 27 aðgerðir



- ✓ Verkefnið *Börnin okkar* hefur vakið athygli á landsvísu en það er forvarnarverkefni með 27 aðgerðum sem sett var af stað í ársbyrjun 2025.
- ✓ Bæjarstjórn setti inn 100 milljónir í verkefnið á árinu.
- ✓ Aðgerðirnar skiptust í þrjá þætti: Almennar forvarnir, snemmtækan stuðning og styrkingu Barnaverndar.



7. apríl 2025

Mosfellsbær og Bergið headspace hefja samstarf um bættan stuðning við ungmenni



9. maí 2025

Opnir sálfræðitímar fyrir nemendur



30. október 2025

Krakka Mosó 2025 verkefni eru tilbúin og komin í notkun



1. október 2025

Íþróttir fyrir alla



20. maí 2025

Opin foreldralína til sálfræðinga og félagsráðgjafa



30
Nóvember

Hefst eftir 26 daga

Börnin okkar

Námskeið: Ertu að tengja? Uppeldi, tengsl og foreldralutverkið (fyrir foreldra barna á aldrinum 1-6 ára)



29. september 2025

Rafíþróttafélag Mosfellsbæjar endurvakið



21. nóvember 2025

Mosfellsbær hlýtur viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag

Börnin okkar – 27 aðgerðir



18. ágúst 2025

Nýtt frístundatímabil og frístundaávisun hækkar



19. september 2025

Húsfyllir á bíósýningu í Hlégarði



4. júní 2025

Helgafellsskóli verður Réttindaskóli UNICEF



7. janúar 2026

Námskeið fyrir foreldra og forsjáraðila 1-6 ára barna um uppeldi, tengsl og foreldrahlutverkið



3. október 2025

Sjálfsvarnarnámskeið fyrir unglinga



23. maí 2025

Vel heppnuð vinnustofa með foreldrum

Fleiri aðgerðir

- ✓ Stöðugildi aðstoðarskólastjóra í grunnskólum voru styrkt til að efla faglegt starf og stuðning.
- ✓ Unglingaráðgjafi var ráðinn innan barnaverndar til að styrkja þjónustu við ungmenni og foreldra.
- ✓ Framboð fyrir 10–12 ára í félagsmiðstöðinni Bólinu var aukið með fjölbreyttara starfi.
- ✓ Opnunartími í íþróttamiðstöð og sundlaug var lengdur til að bæta aðgengi ungmenna að hreyfingu og afþreyingu.
- ✓ Bætt var við málstjórum í farsæld til að samræma þjónustu og bæta heildstæða aðstoð við börn og fjölskyldur.

[Verkefnið Börnin okkar](#)



19% fjölgun hefur orðið í hópi þeirra ungmenna sem sækja þjónustu í Bólinu.

92% forráðamanna sem tóku þátt í námskeiðinu „Ertu að tengja?“ sögðu það gagnast sér vel.

96% foreldra sem hringdu í foreldralínu fengu svör við spurningum sínum, sem endurspeglar góða þjónustu.



52% fjölgun hefur orðið á fjölda heimsókna í félagsmiðstöðina Bólið á milli ára.

127 viðtöl hafa verið tekin hjá Berginu við 62 ungmenni.

89 símtöl hafa verið tekin við foreldra í foreldralínu.

91 foreldri sótti námskeiðið „Ertu að tengja?“ Uppeldi, tengsl og foreldrahlutverkið.

11 hafa sótt námskeiðið uppeldi barna með ADHD.

15 hafa sótt PMTO námskeið.

150 manns mættu á fræðslukvöldið Seen the movie.

Helstu fréttir ársins



Janúar
Húsfylli á íbúafundi
um Blikastaðaland



Janúar
Gæðandbók vegna
innra eftirlits í mötuneytum
leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar



Febrúar
Styrkir til efnilegra
ungmenna



Janúar
Framkvæmdir
samgöngusáttmála
kynntar fyrir fullum sal í Hlégarði



Janúar
Styrkir til
menningarmála
2025



Helstu fréttir ársins



Febrúar
Hvað á nýi leikskólinn
við Vefarastræti 2-6
að heita?



Febrúar
Reykjakot fagnar
30 ára afmæli

Febrúar
Fyrirhugaðar
stórframkvæmdir
í Lágiholti



Mars
Samstarfssamningur
Mosfellsbæjar við
Íþróttá- og tómstundafélög
endurnýjaður



Mars
Fyrsta skóflustunga
fyrir íbúðir Bjargs
Íbúðafélags í Mosfellsbæ



Helstu fréttir ársins



Mars
Viðhaldsframkvæmdir og
uppfærsla öryggisbúnaðar
í saunaklefum í sundlaugum Mosfellsbæjar



Mars
Íbúakönnun um
umhverfis- og loftslagsstefnu
Mosfellsbæjar



Mars
Fjöldmenni á
fyrirlestri um
samskipti barna og foreldra



Apríl
Mosfellsbær og Bergið headspace
hefja samstarf um bætta
stuðning við ungmenni



Apríl
Samþætt heimaþjónusta
við eldra fólk og
stórefling dagdvalarþjónustu
í Mosfellsbæ



Helstu fréttir ársins



Apríl

Starfsfólk Mosfellsbæjar
eflir íslenskukunnáttu
með smáforritinu Bara tala



Apríl

Gengið til kosninga í
Krakka Mosó 2025



Mái

50 ára starfsafmæli
Kvísarskóla fagnað



Apríl

Okkar Mosó verður
Krakka Mosó



Mái

Opnir sálfræðitímar
fyrir nemendur



Helstu fréttir ársins



Maí
Opin foreldralína til
sálfræðinga og
félagsráðgjafa



Maí
Aðgerðaráætlun verkefnisins
Barnvænt sveitarfélag
samþykkt í bæjarráði

Maí
Niðurstöður kosninga
í Krakka Mosó 2025



Maí
Vel heppnuð vinnustofa
með foreldrum



Júní
Helgafellsskóli verður
Réttindaskóli UNICEF



Helstu fréttir ársins



Júní
Gögn aðgengileg
á Ísland.is



Júní
Nýr leikskóli opnar
í Mosfellsbæ
Sumarhús



Júlí
Uppbygging hjólabrauta
í Ævintýragarðinum



Júní
Viðbótarúthlutun
einbýlishúsalóða
við Úgötu lokið

Júlí
Nýtt samkomulag felur
í sér þreföldun
hjúkrunarrýma í Mosfellsbæ



Helstu fréttir ársins



Júlí
Ný grenndarstöð
í Mosfellsdal



Ágúst
Nýr leikvöllur með
aðgengi fyrir
öll tilbúinn



September
Ný grenndarstöð
í Helgafellshverfi



Ágúst
Í túninu heima
í tuttugu ár



Ágúst
Matsferill fyrir alla
árganga í Mosfellsbæ



Helstu fréttir ársins



September
Leikskólinn Hlíð
40 ára



Október
Íþróttir fyrir alla

Október
Íbúafundur um tillögu
að breyttu skipulagi
við Efstaland



Október
Krakka Mosó
verkefnið tilbúin
og komin í notkun

Nóvember
Endurbætur á kortavef



Helstu fréttir ársins



Nóvember
[Gagnatorg](#)
[Mosfellsbæjar](#)



Nóvember
[Mosfellsbær hlýtur](#)
[viðurkenningu sem](#)
[Barnvænt sveitarfélag](#)



Desember
[Íbúakynning um](#)
[verndarsvæði í byggð](#)
[fyrir Álafosskvos](#)



Nóvember
[MosVeitur fjárfesta](#)
[í nýjum rafsendibíl](#)



Desember
[Viljayfirlýsing vegna](#)
[fyrirhugaðrar ullarsýningar](#)
[í Álafosskvos](#)





Bakland starfseminnar

Miðlæg stjórnsýsla í Mosó

Samþætting upplýsingatæknikerfa



STAÐA VERKEFNA

Á árinu 2025 var lögð áhersla á eflingu og samþættingu á upplýsingatækni innviðum:

Kortlagning innviða

→ Betri yfirsýn og forgangsröðun fyrir 2026.

Samstarf og fræðsla

→ Aukið samstarf og skilvirkari nýting fjármuna.

Aðgangsstýring

→ Sameiginlegur aðgangsgrunnur fyrir aukið öryggi.

Beiðnakerfi

→ Tilbúið og innleiðing hafin.

Ferlar starfsmanna

→ Geiningu lokið og innleiðing framundan.

Netbúnaður

→ Uppfærsla til að tryggja rekstraröryggi.

Öryggisvakt (SOC)

→ Tilbúið og innleiðing áætluð.

Rekstrarumhverfi

→ Samþætting og einfölduð þjónusta.

MARKMIÐ OG ÁVINNINGUR



Aukið öryggi gagna og kerfa.



Bætt þjónustustig og stuðningur.



Hagkvæmari rekstur til lengri tíma.



Betra yfirlit yfir búnað og rekstur.



Aukið samstarf á milli stofnana.

Stafræn vegferð




Stofnun verkefnahóps

32 stafræn verkefni voru innleidd

Hagnýting gervigreindar hófst í stjórnslu

41 stafræn verkefni hafa verið innleidd



Afurðir stafrænnar vegferðar



STAFRÆN VEGFERÐ MOSFELLSBÆJAR EINKENNIST AF MARKVISSRI ÞRÓUN NOTENDAVÆNNAR ÞJÓNUSTU, AUKINNI SJÁLFVIRKNI OG BÆTTRI NÝTINGU GAGNA TIL AÐ EFLA ÞJÓNUSTU, SKILVIRKNI OG LÍFSGÆÐI ÍBÚA.

Mosfellsbær hefur stórbætt stafræna þjónustu við íbúa með einfaldari umsóknum, bættri yfirsýn og auknu aðgengi að upplýsingum og þjónustu á netinu.

- ✓ Stafræn umsókn um fjárhagsaðstoð.
- ✓ Vala (leikskóli & frístund).
- ✓ Mínar síður endurbættar.
- ✓ Bókunarkerfi í stað símatíma.
- ✓ SMS áminningar.
- ✓ Ísland.is (launaseðlar, skjöl).
- ✓ Stafræn skóladagatöl.

Innri verkferlar hafa verið einfaldaðir og gerðir stafrænir, sem bætir rekstur, gagnsæi og þjónustu við starfsfólk.

- ✓ Rafræn undirritun.
- ✓ Ráðningarferli.
- ✓ Beiðnakerfi og innkaup.
- ✓ Vinnustund og tímaskráning.
- ✓ Málakerfi og eyðublöð.

Sjálfvirkni og stafrænt vinnuafl hefur aukið skilvirkni, stýtt afgreiðslutíma og dregið úr handavinnu í lykilferlum.

- ✓ Stafrænt vinnuafl.
- ✓ Ábendingakerfi og sjálfvirkni.
- ✓ Nemendagögn og gagnavinnsla.

Aukin notkun gagna styður við betri ákvarðanatöku, gagnsæi og yfirsýn yfir rekstur og þjónustu.

- ✓ Gagnatorg Mosfellsbæjar.
- ✓ Viðbætur í kortasjá og gagnasýn.
- ✓ Ársskýrsluvefur og gagnadrifin greinargerð.

Mosfellsbær leggur áherslu á nýsköpun með innleiðingu gervigreindar, nýrra kerfa og bættrar stafrænnar upplifunar.

- ✓ Gervigreind (ChatGPT).
- ✓ Canto gagnagrunnur fyrir myndræn gögn.
- ✓ Aukið aðgengi að þjónustu á fleiri tungumálum á Mínum síðum.
- ✓ Endurhönnun á mos.is.



HVAÐ GERIR MOSI, STAFRÆNA VINNUAFLIÐ OKKAR?

- ✓ Á sinn eigin notanda og tölvu (sýndarvél).
- ✓ Getur líkt eftir aðgerðum starfsfólks.
- ✓ Vinnur með öllum kerfum, óháð tækniúthverfi.
- ✓ Blandar saman reglum og gervigreind.
- ✓ Vinnur með starfsfólki.
- ✓ Vinnur sjálfstætt en kallar eftir mannlegri aðkomu þegar þörf krefur.
- ✓ Getur sjálfvirknivætt ferli frá A-Ö en einnig hluta úr ferli.

DÆMI UM ÁVINNING NÚVERANDI LAUSNA

2.068 afstemmingar lánadrottna.

226 lánadrottnar eru í reglulegri vöktun.

18.060 bls. hafa verið lesnar úr hreyfingaryfirlitum.

2.761 beiðnir um stöðu fasteignagjalda voru afgreiddar.

1.881 ábending var afgreidd í MainManager af Mosa.

715 reikningar voru afgreiddir úr MainManager í uppáskrift.


1.183 samningum var breytt vegna sérstaks húsnæðisstuðnings.



ÁHUGAVERT

- ✓ Starfsánægja starfsfólks Mosfellsbæjar var könnuð á tveggja mánaða fresti (feb, apr, jún, ágú, okt, des) með Moodup.
- ✓ Alls tóku 80% starfsfólks þátt í könnunum á tímabilinu.
- ✓ 1.494 starfsmenn af alls 1.868 starfsmönnum sem unnu hjá sveitarfélaginu á einhverjum tímamarki á tímabilinu svöruðu könnuninni.
- ✓ Starfsánægja hjá Mosfellsbæ jókst milli ára innan allra sviða sveitarfélagsins.

MEÐALTALS STARFSÁNÆGJA, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



VEIKINDI STARFSFÓLKS

5,5% lægsta veikindahlutfallið var í júlímánuði.

10,5% hæsta veikindahlutfallið var í desember.

838 færri veikindadagar voru á fræðslu- og frístundasviði milli ára, sem jafngildir árslaunum **2,3** starfsmanna.

VEIKINDAHLUTFALL MEÐAL STARFSFÓLKS JÓKST LÍTILLEGA Á MILLI ÁRA





Að læra og leika náttúrulega

Fræðsla og
frístundir í Mosó

Dagforeldrar og leikskólar




ÁHUGAVERT


- ✓ 8 dagforeldrar eru starfandi í sveitarfélaginu sem eru með 33 börn* í vistun.
- ✓ Leikskólinn Sumarhús var opnaður á árinu.
- ✓ 93% foreldra leikskólabarna voru ánægðir með þjónustu leikskólanna skv. þjónustukönnun Gallup.
- ✓ Leikskólar með 5 ára börn tóku allir þátt í þróun á rafrænni gátt vegna fyriragnar á HLJÓM-2* í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.



FJÖLDI BARNA Í HVERJUM LEIKSKÓLA**



FJÖLDI BARNA Í LEIKSKÓLA**




*Skimun til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna

**Fjöldatölur eru miðaðar við 1. október ár hvert


Grunnskólar



HEILDARFJÖLDI BARNNA Í GRUNNSKÓLUM




FJÖLDI BARNNA Í HVERJUM SKÓLA



ÁHUGAVERT

- ✓ Grunnskólarnir tóku upp nýtt verklag við innra gæðamat. Unnið er skv. 6 ára áætlun og tölvukerfið BravoLesson notað til að halda utan um niðurstöður mats og umbótaverkefni.
- ✓ Skólabókasafn Lágafellsskóla var með flest útlán allra skólasafna á landinu árið 2025 en það lánaði út sem samsvarar 38 útlánum á hvern nemanda skólans.
- ✓ Vorið 2025 voru 219 nemendur útskrifaðir úr grunnskóla en það er stærsti árgangur sem hefur útskrifast í Mosfellsbæ. Um er að ræða börn fædd árið 2009.

ÞÁTTTAKA Í FRÍSTUND



ÁHUGAVERT


- ✓ Frístund býður upp á fjölbreytt og skemmtilegt úrval viðfangsefna sem breytist daglega til að ná til sem flestra barna. Dæmi um val eru perlur, leikir, útivera, alls konar kubbar, föndur og slíngerð.
- ✓ Börnin skrá sig líka í skipulagða klúbba með hámarksfjölda. Þar vinna þau saman í föstum hópum og taka þátt í markvissum og uppbyggilegum verkefnum sem eykur bæði samheldni og ánægju í starfinu.
- ✓ Í Lágafellsskóla er t.d. hægt að velja um vísinda-, tónlistar-, Pokémon-, skáta-, handbolta-, kósý-, spila-, vina-, dans- og útiveruklúbb.



Frístundaávisun



NÝTING Á FRÍSTUNDAÁVÍSUN




ÁHUGAVERT

- ✓ Mosfellsbær styrkir frístundaiðkun allra barna og unglunga 5–17 ára og eldri borgara, sem eru 67 ára og eldri, með greiðslu frístundaávisunar.
- ✓ Frístundaávisunin var nýtt hjá 69 félögum í Mosfellsbæ og á höfuðborgarsvæðinu.
- ✓ 86% ungmenna á aldrinum 5-17 ára nýttu sér frístundaávisun Mosfellsbæjar á árinu.
- ✓ 15% eldri borgara nýttu frístundaávisuna sína.


Listaskólinn



FJÖLDI BARNNA Í LISTASKÓLANUM



10 ALGENGUSTU HLJÓÐFÆRIN Í LISTASKÓLANUM



ÁHUGAVERT

5 nemendur luku miðprófi á hljóðfæri / söng.

17 nemendur luku grunnprófi á hljóðfæri / söng.


8 nemendur luku miðprófi í tónfræði.

31 nemandi lauk grunnprófi í tónfræði.


Félagsmiðstöðvar og vinnuskóli



FJÖLDI UNGMENNA Í VINNUSKÓLANUM



HLUTFALL UNGMENNA SEM MÆTA Í BÓLIÐ Á UNGLINGASTIGI OG SAFNA STIGUM



ÁHUGAVERT

- ✓ 52% fjölgun hefur orðið á fjölda heimsókna í félagsmiðstöðina Bólið á milli ára.
- ✓ 19% fjölgun hefur orðið í hópi þeirra einstaklinga sem sækja þjónustu í Bólinu.
- ✓ Bólið er félagsmiðstöð fyrir 10-18 ára ungmenni í Mosfellsbæ. Markmiðið með starfseminni er að styrkja félagsfærni ungmenna og að þau upplifi að þau tilheyri. Allt starf byggist á forvörnum og virðingu í samskiptum.
- ✓ Bólið tekur unglinga í sérþækt hópastarf á skólatíma ásamt því að bjóða upp á valfög eins og t.d. Kjaftað um kynlíf og Stíl fatahönnun.
- ✓ Heildarviðverutími ungmenna í vinnuskólanum voru 33.664 klst.



Velferð og náttúruleg lífsgæði

Þjónusta í traustu
samfélagi

Fatlað fólk



FULLORÐNIR, BÚSETA OG ÞJÓNUSTA

63 einstaklingar nutu búsetuþjónustu.

10 búsetukjarnar og **4** utankjarnaþjónustur voru starfræktar.

10,5 var meðaltal SIS-mats*, sem er yfir landsmeðaltali sem er 9,7.

95 FÖTLUÐ BÖRN FENGU VEITTA ÞJÓNUSTU

64 börn fengu einstaklingsstuðning.


31 barn naut stuðningsfjölskyldu.

14 börn nýttu frístundaþjónustu Úlfsins.


5% fatlaðra barna voru í skammtímadvöl.

3% fatlaðra barna bjuggu á heimili fyrir börn.

FJÖLDI FATLAÐS FÓLKS Í BÚSETUÞJÓNUSTU




FJÖLDI SAMNINGA Í NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ (NPA)




Eldri borgarar



FJÖLDI ELDRI BORGARA MEÐ SAMPÆTTAN HEIMASTUÐNING



FJÖLDI ELDRI BORGARA MEÐ FÉLAGSLEGT INNLIT



ÁHUGAVERT

- ✓ Yfir 27 fjölbreyttir hópar voru starfandi í félagsstarfi eldri borgara, með allt að 60 þátttakendum í stærstu hópunum.
- ✓ Dagdvöl var stækkuð úr 9 plássum í 25 pláss og nýttu 41 einstaklingur þjónustuna í árslok.
- ✓ Vikuleg ráðgjöf félagsráðgjafa í Brúarlandi veitir eldri borgurum stuðning og upplýsingar um virkni og úrræði þeim að kostnaðarlausu.
- ✓ Heimaendurhæfing hófst í september og höfðu 29 einstaklingar lokið endurhæfingu í árslok.

Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra



FJÖLDI BARNNA Í SAMÞÆTTRI ÞJÓNUSTU Á 2. STIGI



FJÖLDI BARNNA SEM NÝTA STUÐNINGSÚRRÆÐI Á 2. STIGI




ÁHUGAVERT

- ✓ Tveir nýjir málstjórar í málum barna í samþættri þjónustu komu til starfa um mitt ár vegna aukins umfangs mála í málstjórn.
- ✓ Stuðningur við börn og fjölskyldur er mjög fjölbreyttur, en þar má nefna til dæmis einstaklingsstuðning, stuðningsfjölskyldur, uppeldisráðgjöf og almenna félagslega ráðgjöf.
- ✓ Ráðgjafi frá velferðarviði situr í stýrihópi nýs Bráða- og viðbragðsteymis höfuðborgarsvæðisins sem ber nafnið Púlsinn.
- ✓ Boðið var upp á PMTO foreldrafærni námskeið af ráðgjafa velferðarviðs í samvinnu við fræðslu- og frístundasvið.


Samræmd móttaka flóttafólks



HEILDARFJÖLDI EINSTAKLINGA Í SAMRÆMDRI MÓTTÖKU FLÓTTAFÓLKS Í DESEMBER



FJÖLBREYTTUR HÓPUR EINSTAKLINGA OG FJÖLSKYLDNA Í MÓTTÖKU



ÖFLUG ÞÁTTTAKA Á VINNUMARKAÐI

91% fullorðinna einstaklinga eru á vinnumarkaði.

9% fengu fjárhagsaðstoð.


ÁHUGAVERT

- ✓ Mikil fækkun var á einstaklingum sem nýttu þjónustu samkvæmt samningi Mosfellsbæjar um samræmda móttöku flóttafólks á árinu. Samningurinn var lækkaður niður í 15 einstaklinga í júlí og lauk svo í lok árs.
- ✓ Allir erlendir ríkisborgarar sem búsettir eru í Mosfellsbæ njóta eftir sem áður félagslegrar ráðgjafar sé þörf á því, líkt og aðrir íbúar sveitarfélagsins.


Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð




FJÖLDI UMSÓKNA UM RÁÐGJÖF



KYNJASKIPTING OG MEÐALTÍMI Á FJÁRHAGSAÐSTOÐ



FJÖLDI EINSTAKLINGA Á FJÁRHAGSAÐSTOÐ




ÁHUGAVERT

- ✓ 431 umsókn var afgreidd stafrænt í gegnum Veitur umsjónarkerfi.
- ✓ 121 umsókn var afgreidd í gegnum One málakerfi en þær umsóknir eru tilkomnar vegna heimildargreiðslna eða vöntunar á rafrænum skilríkjum.
- ✓ Samstarfssamningur við Bergið Headspace var undirritaður í maí. Með samningnum styrkir Mosfellsbær enn frekar stuðning við ungmenni með markvissri ráðgjöf og fræðslu. 62 ungmenni á aldrinum 12-25 ára nýttu sér viðtöl á viðtalstímum Bergsins í Mosfellsbæ.
- ✓ Á árinu var innleidd opin foreldralína, sem er ein aðgerð í verkefninu *Börnin okkar* en þar geta foreldrar fengið ráðgjöf, meðal annars frá félagsráðgjafa.


Félagslegt húsnæði




FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR Í HEILD



FJÖLDI UMSÓKNA UM SÉRSTAKAN HÚSNÆÐISSTUÐNING



FJÖLDI Þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði




ÁHUGAVERT

- ✓ Nýttar voru 49 gistinætur í gistiskýlum Reykjavíkurborgar á árinu. Þeir einstaklingar sem þurfa að nýta sér þjónustu gistiskýla fá félagslega ráðgjöf og stuðning frá ráðgjöfum velferðarsviðs.
- ✓ Útreikningur á sérstökum húsnæðisstuðningi fer nú eingöngu fram í gegnum stafrænt vinnuafli Mosfellsbæjar. Upphæð stuðningsins er reiknuð út frá grunnupplýsingum fengnum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sem afgreiðir almennan húsnæðisstuðning.


Barnaverndarþjónusta



FJÖLDI TILKYNNINGA EFTIR ÁSTÆÐU



TILKYNNENDUR



ÁHUGAVERÐAR TÖLUR

879 var fjöldi tilkynninga til barnaverndar.

354 var fjöldi barna sem tilkynnt var um.

194 var fjöldi barna þar sem gerð var könnun eða veitt var meðferð.

153 var fjöldi fjölskylda.

ÁHUGAVERT

- ✓ Unglingaráðgjafi hóf störf á árinu. Hann sinnir forvörnum og fræðslu, fylgir ungmennum í skýrslutökum og situr í stýrihópi Púlssins. Hægt er að bóka samtal við hann á vef Mosfellsbæjar.
- ✓ Á árinu var unnið að stofnun skammtíamavistunar fyrir börn í bráðum vanda til að bæta aðstæður þeirra sem þurfa slíkt úrræði sem tekið var í notkun 1. janúar 2026.
- ✓ Haldnir voru reglulegir fræðslu- og samráðsfundir milli leikskóla, skóla og barnaverndarþjónustu.
- ✓ Árið 2025 voru 32 neyðarvistarnir á Stuðlum (152 dagar). Algengustu ástæður voru strok/útigangur (15) og neysla (14).



Náttúrulega skapandi og hraust

**Menning, íþróttir og
lýðheilsa í Mosó**

Menning í Hlégarði



FJÖLBREYTT NOTKUN Á HLÉGARÐI

327 viðburðir fóru fram í Hlégarði á árinu.

18 tónleikar voru haldnir á vegum Listaskóla Mosfellsbæjar.

12 brúðkaupsveislur voru haldnar.

14 erfidrykkjur fóru fram.

5 böll voru haldin á vegum félagsmiðstöðvarinnar Bólsins.

33 viðburðir voru haldnir á vegum Ungmennafélagsins Aftureldingar.




ENDURBÆTUR Í HLÉGARÐI

- ✓ Veggir í söllum Hlégarðs voru endurnýjaðir með eikarpanelum sem auka hlýleika, bæta hljómburð og hljóðvist og færa útlit salanna nær upprunalegri mynd þeirra.
- ✓ Lokið var við umbætur á aðgengi með fjölgun bílastæða fyrir hreyfihamlaða.
- ✓ Farið var í einfaldar breytingar og umbætur í salarkynnum Hlégarðs til að mæta betur viðmiðum fyrir leyfi fyrir 500 manna samkomur í húsinu.


Bókasafn og Listasalur




FJÖLDI VIRKRA LÁNÞEGA



MIKIL AUKNING Í NOTKUN SJÁLFSAFGREIÐSLU



■ Afgreiðsla ■ Sjálfsafgreiðsla



ÁHUGAVERT

- ✓ 60 listamenn tóku þátt í Jólalistamarkaði í Listasal Mosfellsbæjar.
- ✓ Útlán á bókasafni voru 54.508 þ.e. 48.675 bækur og 4.358 tímarit.
- ✓ 184 leikskólabörn sóttu leiksýningu Leikhópsins Lottu á bæjarhátíðinni í túninu heima.
- ✓ 133 hópar frá leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar komu í sögustundir.
- ✓ 4 lestrarstundir með hundum voru fullbókaðar.
- ✓ Sumarlestur sló í gegn með um 320 þátttakendum og 387 happamiðar skiluðu sér til safnsins.

Íþróttir og lýðheilsa

ÁHUGAVERT

3.784 iðkanir voru skráðar hjá Aftureldingu.

1.000 Mosfellingar voru meðlimir í Golfklúbbi Mosfellsbæjar.

27 íþróttagreinar voru stundaðar reglulega í Mosfellsbæ.

3 íþróttafélög voru stofnuð eða endurvakin á árinu. Skákfélag Mosfellsbæjar, Jötnar (amerískur fótbolti) og Rafíþróttafélag Mosfellsbæjar (Rafmos)

3 fjallahjólbrautir eru nú í Mosfellsbæ, eftir að ný braut var sett upp í Ævintýragarðinum árið 2025.

1 nýtt íþróttahús (við Helgafellsskóla) var tekið í notkun á árinu, þar sem æfingar fara fram í borðtennis, badminton og körfubolta.

100% 5 ára stúlkna nýttu sér frístundastyrk Mosfellsbæjar.

10.000 áhorfendur komu á völlinn að horfa á Aftureldingu spila í Bestu deildinni.

1 heimsmeistari kom úr mosfellsku félagi árið 2025 en það er Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir úr Hestamannafélaginu Herði.



ÍÞRÓTTAGREINAR SEM HÆGT VAR AÐ STUNDA REGLUEGA Í MOSFELLSBÆ ÁRIÐ 2025

- ✓ Amerískur fótbolti
- ✓ Badminton
- ✓ Blak
- ✓ Boccia
- ✓ Borðtennis
- ✓ Fimleikar
- ✓ Frísbígolf
- ✓ Frjálsar íþróttir
- ✓ Golf
- ✓ Göngufótbolti
- ✓ Handbolti
- ✓ Hestaíþróttir
- ✓ Hjólaíþróttir
- ✓ Karate
- ✓ Knattspyrna
- ✓ Kraftlyftingar
- ✓ Körfubolti
- ✓ Langhlaup
- ✓ Ólympískar lyftingar
- ✓ Motorsport
- ✓ Pokakast
- ✓ Parkour
- ✓ Rafíþróttir
- ✓ Ringó
- ✓ Skák
- ✓ Sund
- ✓ Taekwondo

Íbúar ánægðir með Í túninu heima 2025



OPIN NETKÖNNNUM UM UPPLIFUN ÍBÚA Á BÆJARHÁTÍÐINI Í TÚNINU HEIMA


566 svör bárust.

82% mátu fjölbreytni og gæði dagskráarinnar góða.


64% íbúa telja breytinguna góða að færa stórtónleika yfir á sunnudag.

7,5 er meðaltalseinkunnin sem íbúar gáfu bæjarhátíðinni.

MEST SÓTTU VIÐBURÐIRNIR



ÁNÆGJA MEÐ HÁTÍÐINA EFTIR ALDRI




Náttúrulegt útlit

Skipulag, byggingar og umhverfismál í Mosó


Sorphirða frá heimilum



HLUTFALL FLOKKA 2025




ÞRÓUN MILLI ÁRANNA 2023 – 2025 Í TONNUM




Ábendingar frá íbúum




1.890 ÁBENDINGAR BÁRUST Í ÁBENDINGAGÁTT Á MOS.IS



VETRARÞJÓNUSTA Í KM



GRASSLÁTTUR Í FM




ÁHUGAVERT

- ✓ Blóma afmæliskaka reist fyrir 20 ára afmæli bæjarhátíðar.
- ✓ 3.500 sumarblóm voru ræktuð í Dalsgarði fyrir bæinn.
- ✓ 12.000 haustlaukum var plantað í bæjarlandinu.
- ✓ 8 gámar voru í öllum hverfum í 10 daga í hreinsunarátaki.
- ✓ 10 m³ af rusli tínd á opnum svæðum í hreinsunarátaki.
- ✓ 90 ruslatunnur eru á opnum svæðum.

Skipulags- og byggingarmál



FJÖLDI ÍBÚÐA Í BYGGINGU Í MOSÓ 2025



ÁHUGAVERT

140 umsóknir bárust til Byggingarfulltrúa.

11 umsóknir voru um frístundarhús í Mosfellsbæ.

309 dagskrárliðir voru til umfjöllunar á fundum umhverfis- og skipulagsnefndar á árinu


1.260 nýjar íbúðir á Blikastaðalandi voru í undirbúningi og skipulagsvinnu, þar sem sérstök áhersla var lögð á uppbyggingu svæðisins. Einnig var unnið að fjölbreyttum verkefnum í dreifbýli og þéttbýli.

186 km² landsvæðis innan Mosfellsbæjar féllu undir skipulagsáætlanir og tengda vinnu á árinu.

Eignasafn - stofnverð



FRAMREIKNAD STOFNVERÐ, FASTEIGNIR OG GATNAKERFI Í M.KR



49,9% hækkun á liðnum leikskólar, stærstur hluti þeirra breytinga er nýr leikskóli í Helgafellshverfi.


4% hækkun varð á liðnum grunnskólar, þar sem vinna vegna standsetningar kjallara vesturálmu Varmárskóla var stærst.

7,4% hækkun varð á liðnum íþróttamannvirki vegna vinnu við endurnýjun Varmárvallar.

Eignasafn - fjárfestingar



FJÁRFESTINGAR, FASTEIGNIR, GATNAKERFI OG VEITUR, Í M.KR.



HLUTFALL AF EIGNASAFNI, FASTEIGNIR OG GATNAKERFI, 2024 OG 2025.



LJÓSVEITA


3.000 ljósastaurar eru í eigu Mosfellsbæjar.

1.400 LED lampar hafa verið settir upp í þremur áföngum verkefnisins.


50 tengiskápar hafa verið settir upp.




ÞRÓUN Á VATNSNOTKUN - LÍTRAR Á SEKÚNDU



VATNSNOTKUN Á ÁRI – MILLJÓNIR RÚMMETRAR



An aerial photograph of a school campus. In the foreground, a large crowd of people is gathered on a green lawn. The campus features several buildings, including a large white building with a red roof. A road with parked cars runs along the left side of the image. The background shows more school buildings and parking lots.

Útsýnið yfir Mosó

Rekstur

Lykiltölur ársins



98,2%

skuldaviðmið



1.365 m.kr

fjármagnsliðir ársins



23.965 m.kr

rekstrartekjur ársins



1.537 m.kr

veltufé frá rekstri



21.345 m.kr

rekstrargjöld ársins



4.269 m.kr

heildarfjárfestingar ársins




514 m.kr.

rekstrarafgangur ársins 2025


Rekstrartekjur og gjöld



SKIPTING REKSTRARGJALDA




SKIPTING REKSTRARTEKNA



Fjárfestingar




■ Skólabyggingar ■ Íþróttamannvirki ■ Önnur mannvirki ■ Veitur ■ Félagslegar íbúðir ■ Gatnagerð



Rekstrarreikningur A og B hluta



	ÁRSREIKNINGUR 2025	ÁÆTLUN 2025 MEÐ VIÐAUKUM	ÁRSREIKNINGUR 2024
Rekstrartekjur			
Útsvar og fasteignaskattur	14.097	14.094	13.029
Framlög jöfnunarsjóðs	4.174	3.950	3.920
Aðrar tekjur	5.694	5.004	5.270
	23.965	23.048	22.219
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	12.310	11.896	10.955
Lífeyrisskuldbinding	409	305	191
Annar rekstrarkostnaður	8.626	8.193	8.106
	21.345	20.393	19.252
Afskriftir	-707	-691	-648
Niðurstaða án fjármagnsliða	1.913	1.964	2.320
Fjármagnstekjur og -gjöld	-1.365	-1.288	-1.421
Tekjuskattur	-34	-13	-22
Rekstrarniðurstaða	514	662	877



Framkvæmdir í Mosó

2025



Varmárskóli

- Hafist var handa við LED-væðingu.
- Vinna hófst í kjallara með steypu á nýrri botnplötu.
- Ný vörumóttaka fyrir eldhús var tekin í notkun.
- Endurnýjun skólalóðar hélt áfram, meðal annars með uppsetningu klifurtækja og róla.

Íþróttamiðstöðin Varmá

- Tveir nýir klefar voru útbúnir.
- Vinna við hússtjórnunarkerfi hélt áfram.
- Hönnun á félagsaðstöðu lauk og uppbygging hófst.

Knattspyrnuvöllurinn Varmá

- Varmávöllur var endurnýjaður og lagður með gervigrasi.
- LED-lýsing var sett upp sem uppfyllir kröfur fyrir keppni í efstu deildum og sjónvarpsútsendingar.
- Unnið var að standsetningu frjálsíþróttaaðstöðu við völinn, með áætluð verklok vorið 2026.

Lágafellsskóli

- Innréttingar í heimilisfræðistofu voru endurnýjaðar.
- Hafist var handa við LED-væðingu.
- Fyrsti áfangi skólalóðar hófst.

Íþróttamiðstöðin Lágafelli

- Loftapanell var endurnýjaður í klefum.
- Hönnun á heitum potti hófst.

Lágafellslaug

- Ný rennibraut var keypt og verður sett upp árið 2026.
- Hreinsikerfi var sett upp við kaldapottinn.
- Flísar, panill og ljós endurnýjuð í sánaklefa.

Kvísarskóli

- Salerni kennara á 2. hæð voru endurnýjuð.
- Innleiðingu LED-lýsingar var að mestu lokið.

Helgafellsskóli

- Framkvæmdir við nýtt íþróttahús stóðu yfir á árinu og stefnt er að lóðafrágangi árið 2026.



Leikskólinn Sumarhús

- Leikskólinn Sumarhús í Helgafellshverfi, sem rúmar 150 börn, var tekinn í notkun árið 2025.

Hlíð

- Vinna við andyrisbyggingu skólans var lokið.
- Leikskólalóðin var endurbætt.
- Kastala var bætt við leiksvæði og fallvarnir endurnýjaðar.

Leirvogstunga

- Dúkur var endurnýjaður á talsverðu svæði.

Hulduberg

- Náttúrugarður var endurgerður til að nýttast starfi ungbarna.

Brúarland

- Þak Brúarlands var endurnýjað og lokið var við að fjarlægja allt rakaskemmt efni á 3. hæð.

Hlégarður

- Innanhúss voru gerðar breytingar til að bæta hljóðvist.
- Nauðsynlegar breytingar voru framkvæmdar til að uppfylla skilyrði fyrir 500 manna veitingaleyfi í Hlégarði.



Endurnýjun gönguleiða

- Stikum á stikuðum gönguleiðum var skipt úr plasti yfir í timbur í samstarfi við Mosverja og verkefninu lokið.
- Girðingastigar voru lagfærðir víða og tveir nýir stígar settir upp á Vetrarmýrarhálsi við Æsustaðafjall.
- Göngubrú var gerð yfir Úlfarsá í samstarfi við Reykjavíkurborg sem myndar nýja gönguleið um Úlfarsárdal.
- Stígar á Skáldaleið frá Gljúfrasteini upp með Köldukvísl að Helgufossi voru lagfærðir.
- Tröppur úr járnri voru gerðar frá Bringum niður að Helgufossi.

Hreinsunaráttak

- Yngri deildir Aftureldingar tíndu rusl í bæjarlandinu og fengu styrk fyrir.
- Mosverjar tóku þátt í átakinu með hreinsun í og meðfram Varmá.
- Íbúar tóku virkan þátt og gróðurgámar voru settir upp í hverfum og nýttir vel.



Leikvöllur við Lindarbyggð

- Ný leiktæki voru sett upp og lagt nýtt yfirborð.

Leikvöllur við Klapparhlíð

- Sett voru upp leiktæki með áherslu á aðgengi, bæði í vali á tækjum og yfirborðsefnum.

Krakka Mosó

- Stór aparóla með upphækkuðum byrjunarpalli, ætluð eldri börnum og unglingum, var sett upp í Ævintýragarðinum.
- Prautabraut var sett upp á vatni við Stekkjarflötina, að fyrirmynd vatnsprautabrautar í Kjarnaskógi, sem hentar bæði börnum og unglingum.
- Snúningsróla, klifurgrind, minna snúningstæki og bekkur voru sett upp á leikvelli við Rituhöfða.

Flækjan

- Endurbætur voru gerðar á neðsta hluta hjólabrautar og á brekkunni til að bæta öryggi.
- Ný fjölskylduvæn flæðibraut var lögð við hlið Flækjunnar.

Grisjun og umhirða

- Gróður við göngustíga víða um bæinn var hreinsaður og er undir reglulegu eftirliti garðyrkjudeildar.
- Tré og runnar voru klippt og grisjuð.
- Grassláttur og aðrar hreinsanir á opnum svæðum voru hluti af almennri starfsemi garðyrkjudeildar.



Grenndarstöðvar

- Þrjár nýjar grenndarstöðvar voru settar upp til að bæta aðgengi íbúa að flokkun.
- Sex gámastöðvar voru settar upp við Skálahlíð og í Mosfellsdal.
- Lítil djúpgámastöð með þremur gámum var sett upp við Vefarastræti.
- Heildarfjöldi stöðva er nú sex.

Gatnaviðhald og göngustígar

- Götur voru malbikaðar, m.a. Álfatangi, Þverholt, Flugumýri og Baugshlíð ásamt minniháttar holuviðgerðum víðsvegar um bæinn.
- Gangstétt var endurnýjuð í Jónsteig og hlutar gangstétta í Grundartanga, Desjamýri og Skeiðholti.
- Gata, gangstétt og veitulagnir voru endurnýaðar í Lágholti.
- Göngustígum var bætt við í Leirvogstunguhverfi og Helgafellshverfi og opnum svæðum sinnt.
- Hraðaminnkandi aðgerðir voru framkvæmdar á átta stöðum í bænum.

Veitur Mosfellsbæjar

- Framkvæmdir hófust við lokahús við Víðiteig sem mun miðla vatni frá nýjum vatnstanki og jafna þrýsting í veitukerfi. Verkefnið er mikilvægur áfangi í uppbyggingu vatnsveitukerfis.

Led innleiðing

- Innleiðing LED-lýsingar fyrir götur og stíga er langt komin og unnið er að því að skipta út eldri búnaði og innleiða LED-lýsingu í nýjum hverfum.



Korputún

- Vegagerð hófst á nýju verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði við Korputún við Vesturlandsveg, á mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur.
- Deiliskipulag fyrir Korputún, um 90 þús. m². atvinnukjarna, hefur verið samþykkt en um ræðir byggð fyrir verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni og samnýtingu, náttúru og aðlaðandi umhverfi.
- Uppbygging lager- og verslunarhúsnæðis á vegum JYSK er langt á veg komin á reitnum, gert er ráð fyrir ríflega 17 þús. m². byggingarmagni.

Úthlutun lóða

- Áframhaldandi úthlutun í Úgötu var á árinu 2025.



Mosfellsbær

Útgefandi:

Mosfellsbær

Þverholti 2

270 Mosfellsbær

Ljósmyndir:

Gunnar Freyr Steinsson ljósmyndari

Gunnar Freyr Jónsson ljósmyndari hjá Thule photo

Helga Dögg Reynisdóttir ljósmyndari

Hlín Guðmundsdóttir ljósmyndari

Hulda Margrét Óladóttir ljósmyndari

Ragnar Ólason (Raggi Óla)

Sigurjón Sigurjónsson ljósmyndari